



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Athugasemdir Samtaka um betri byggð (BB) við tillögu Skipulagsstofnunar að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026

Samtök um betri byggð (BB) leggja til að við tillögu Skipulagsstofnunar bætist eftirfarandi:

Samtök um betri byggð (BB) leggja til að við tillögu Skipulagsstofnunar bætist eftirfarandi:

A Allar breytingar á Svæðisskipulagi og á aðalskipulagi sveitarfélags (þar sem það á við m.t.t. íbúafjölda, stærð o.s. fr.v.) hljóti sömu eða sambærilega meðferð skipulagsyfirvalda á hverjum stað líkt og um væri að ræða nýtt skipulag, m.a. hvað snýr að rannsóknum á helstu valkostum, sem til greina koma (hið minnsta 3 valkostum), að beitingu bestu þekkingar og tækni við greiningu valkosta, að samráði við kjósendur meðan á mótun og úrvinnslu tillagna stendur og að umsögnum þeirra um lokatillögur. Valkostir verði ávallt bornir saman m.t.t. þjóðhagslegrar arðsemi, lýðheilsu og losunar CO₂ í opnu og gagnsæju ferli.

B Í upphafi vinnu við skipulagsbreytingu (svæðis- og aðalskipulag) verði unnið stöðumat og frammistöðumat á fyrra skipulagi, sem stendur til að breyta. Stöðumat eldra skipulags verði hluti af vegvísni fyrir nýtt skipulag.

C Skipulagsyfirvöld gæti hófs í notkun orðskráðs, glansmynda og annars óþarfs efnis, sem er til þess fallið að dylja innihald skipulagstillögu fremur en að varpa ljósi á raunverulegt innihald og gildi fyrir kjósendur og áhrif hennar á lífsgæði núlífandi og komandi kynslóða.

GREINARGERÐ BB

Samtök um betri byggð (BB) vekja athygli á því að skipulagsáætlanir sveitarfélaga, bæði aðal- og svæðisskipulag, hafa meiri áhrif en aðrar áætlanir á lífsgæði borgaranna, kjósendanna, barna þeirra og ókominna kynslóða m.a. hvað varðar heilbrigði, lýðheilsu, efnahag, menntun og menningu.

Samtök um betri byggð (BB) benda á að sveitarfélögin eru eign borgaranna. Embættismenn og kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna eru í launaðri vinnu hjá eigendunum. Þeim ber því að vinna af heilindum að velferð almennings skv. settum reglum og bestu þekkingu í opnu, lýðræðislegu og gagnsæju ferli.

Því er að mati BB óhjákvæmilegt að skerpa á ákvæðum laga og reglugerða um skipulag á Íslandi, sem styrki aðhalds- og eftirlitshlutverk Skipulagsstofnunar svo komast megi hjá þeim óskapnaði, sem nú hefur birst í AR 2040, áður í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2040, fyrra svæðisskipulagi HBS og fjölmörgum fyrri samþykktum aðalskipulagstillögum fyrir Reykjavík.

Reykjavík 29. apríl 2021, framkvæmdastjórn Samtaka um betri byggð (BB)